

Arna Lára Jónsdóttir, bæjarfulltrúi Í-lista, leggur fram eftirfarandi breytingatillögu:

„Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkir að ábyrgð Ísafjarðarbæjar vegna Lýðháskólans á Flateyri nái yfir tvær starfsbrautir í stað einnar eins og tillaga frá 1011. fundi bæjarráðs gerir ráð fyrir.

Greinargerð:

Fjármögnun Lýðháskólans á Flateyri hefur gengið mun betur en forsvarmenn verkefnisins þorðu að vona og telja nú raunhæft að fara af stað með tvær brautir í stað einnar. Lýðháskólinn verður mun sterkari eining með tveimur brautum, aukin hagkvæmni í rekstri skólans næst auk þess sem kostnaður per nemanda lækkar og að sama skapi verður ávinningurinn meiri. Þá er ljóst að markhópur skólans breiðkar. Virði þessa verkefnis er gríðarlega mikið fyrir Ísafjarðarbæ og fyrir samfélagið á Flateyri og miklar væntingar eru bundnar við að vel takist til. Verkefni eins og Lýðháskólinn gerir Flateyri að enn betri búsetukosti og eykur fjölbreytni atvinnulífs auk þess að skapa mikilvæga viðbót við mannlíf og menningu á svæðinu.“